


Menntaskólinn á Ísafirði

Ferli vegna Covid-19 smits eða gruns um smit



Frekari skýringar

Veikindi. Ef nemandi eða starfsmaður verður veikur með einkennum Covid er hann hvattur eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á heilsuvernd.is eða vaktsíma 1700 og greinir frá einkennum. Mikilvægt er að nemandi haldi sig heima og mæti ekki í skólann ef hann byrjar að finna fyrir einkennum. Helstu einkennum Covid-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkennum (kviðverkir, ógleði, uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með Covid-19 en þó þekkt. **Nemandi tilkynnir um veikindi og um niðurstöður sýnatöku með því að senda póst á netfangið misa@misa.is.**

Sýni jákvætt: Smitakningarteymi hefur samband við þann sem hefur smitast, forráðamenn og eftir atvikum við skólameistara. Nemandinn / starfsmaðurinn upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði / hólfi. Nemandi hefur samband við skólann og upplýsir um stöðu mála. Starfsmaður upplýsir skólameistara.

Sóttkví: Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:

- * hefur umgengist fólk sem svo greinist með Covid-19
- * hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum

Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef embættis landlæknis og á www.covid.is

Tímabil sóttkvíar: Smitakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klst og innan 2 metra í meira en 15 mín. með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klst. áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkennum er að ræða er miðað við 48 klst. frá sýnatöku.

Úrvinnslusóttkví: Ef vafamál um umgengni eða samneyti smitaðs nemanda/starfsmanns við aðra nemendur eða starfsfólk koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði/svæðum lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.